Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 12


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bref. 12/12 '08

Bg. 9

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að beiðast leyfis háttvirtrar byggingarnefndar til að byggja skúr, 4 × 6 álnir að stærð, við austurgaflinn á húsi mínu, Nr. 40 við Skólavörðustíg.

⁒ Tvíritaður uppdráttur fylgir.

Virðingarfyllst

Reykjavík 11. desember 1908.

Tómas Petersen

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Reykjavík 235

Bg. IX

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð vil eg byðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, um breitingu á geimsluhúsi því er eg ætla að byggja. Breitingin er sú. Að jeg óska eptir að mega hafa það einni al. vidara og einni alin veggjahærra, en til vartekið á Teikningunni.

Reykjavík 10/12 - '08.

Virðingarfyllst.

Sveinn Jónsson

frá Vatnsenda

Til hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 236/1908 By. IX

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur, að gefa mjer frest til vors eða að minnsta kosti fram í apríl (eptir því sem tíð verður) með að láta steypa brand hlið í skúr þann er jeg byggði síðast liðið sumar. Orsökin til þess að þetta hefur dregist, er sú að í sumar seinni partinn fjekkst ekki cement í bænum og síðan það fjekkst hefur tíð verið svo óstöðug að það er ekki nema hálfverk að vinna að þvílíkri vinnu. Jeg treysti hinni heiðruðu byggingarnefnd til þess að verða við þessari beiðni minni

Reykjavík 11. desember 1908

Virðingarfyllst

Árni Árnason

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk 234/1908 Bygg. IX

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

THOMSENS MAGASÍN
H. TH. A. THOMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: H A T. TALSÍMI: I, 2, 3.

Reykjavík 30. Nóvember 1908.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara fram á það við hina háttvirtu bygginganefnd, að hún veiti samþykki sitt til þess, að vagnaskýlið bakvið Hafnarstræti 17, er hún leyfði mjer í fyrravetur, fái að standa, eins og það er nú, hurðalaust, eða að minnsta kosti að svo mikið af skýlinu fái að standa óhaggað, sem hin háttvirta nefnd álítur að frekast sje óhætt, svo að ekki stafi eldshætta af. Skýlið er úr galvaniseruðu bárujárni.

Jeg skal geta þess, að vagnarnir liggja undir skemmdum, ef hin háttvirta nefnd neitar mjer um þetta.

Jeg vildi mælast til þess, að hin háttvirta nefnd skoðaði skýlið, að mjer viðstöddum, áður en hún fellir úrskurð sinn.

Virðingarfyllst

pr. pr. H. TH. A. THOMSEN

Karl Nikulásson.

B. Rok. $\frac{232}{1908}$ By. IX

Til

bygginganefndar Reykjavíkurkaupstaðar

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
af
fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur
12. des. 1908.

Ár 1908, laugardaginn 12. desember kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar þetta:

1. H. Th. A. Thomsen synjað um leyfi til að láta standa vagnaskýlið bak við Hafnarstr. 17, er margsinnis hefur verið til umræðu á þessu ári, nema því að eins að gerður sje eldvarnarveggur út að bryggjupallinum.
2. Lagt fram erindi frá Karli Einarssyni fyrir hönd Ólafs Jónssonar út af vanmældri lóð við Kárastíg. Byggingarnefndin vísar til ákvörðunar sinnar 15. júní 1907. Gangi Ólafur ekki að því, leggur byggingarnefndin til að hlutaðeiganda verði endurgoldnar 64 kr., sem reynast ofborgaðar, eða bæjarstjórnin reyni að útvega honum 64 ferálna lóð í viðbót við lóð hans og áfasta henni.
3. Ámunda Árnasyni veittur frestur fram til aprílloka til að steypa eldvarnarvegg í skúr þann, er hann byggði síðastliðið sumar of nærri lóðarmörkum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Tómasi Petersen leyft að gera skúr 4°x6° að stærð við austurgaflinn á húsi hans nr. 40 við Skólavörðustíg.

5. Sveini Jónssyni frá Vatnsenda leyft að hafa geymsluskúr það, er um ræðir á síðasta fundi undir lið 2., 7°x8° að stærð í stað 6°x8°, sem þá var tiltekið.

6. Byggingarnefndin kærir Ketil Þorsteinsson, Vitaborg, fyrir að hann hefur ekki sett eldvarnarvegg við salerni, er honum var leyft að gera á fundi 8/2 þ.á., þar sem þau eru þó of nærri lóðarmörkum alla.

Fleira ekki fyrirtekið. Allir á fundi nema Jón Jensson og Knud Zimsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson

Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen

Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur